

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Þriðjudaginn 19. febrúar 2019 kl. 16:00**

Fundargerð

Dagskrá fundarins eins og hún var send út með fundarboði er í viðhengi.

Dl. 1. Fundarsetning

Fundur settur af formanni, Ellerti Schram, kl. 16:05.

Dl. 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður stingur upp á Þóeyju S. Þórðardóttur sem fundarstjóra. Fundarstjóri er samþykktur einróma með lófataki.

Formaður stingur upp á Reyni Vilhjálmsyni sem fundarritara. Ritari samþykktur einróma með lófataki. Fundarstjóri tekur við stjórn fundarins og lýsir yfir að fundurinn hafi verið rétt boðaður samkvæmt lögum félagsins og þar með löglegur.

Fundarritari hefur störf.

Dl. 3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2018

Formaður flytur skýrslu stjórnar fyrir síðsta ár. Texti skýrslunnar er í viðhengi fundargerðar.

Sem viðbót við hina rituðu skýrslu greinir formaður frá því að stjórninni hafi borist bréf frá Gráa hernum þar sem þess er óskað að FEB gerist stofnmeðlimur í sjóði sem ætlunin er að stofna í þeim tilgangi að fjármagna málsókn gegn Íslenska ríkinu vegna skerðinga almannatrygginga vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Stjórnin leggur þetta mál undir aðalfund en mælir sterklega með samþykkt þess.

Dl. 4. Endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins fyrir árið 2018 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2019

Framkvæmdarstjóri Félagsins, Gísli Jafetsson, gerir grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir 2018.

Ársreikningurinn eins og hann var lagður fyrir fundinn er í viðhengi. Eftir ársreikninginn var lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Fjárhagsáætlunin er einnig í viðhengi.

Framkvædarstjóri lýsir þeirri skoðun sinni að félagið standi á föstum fótum fjárhagslega og hafi í raun aldrei staðið betur.

Dl. 5. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun fyrir 2019.

Fundarmenn lýstu ánægju yfir stöðu félagsins en spurt var hvort gert sé ráð fyrir fjölgun starfsmanna á þessu ári.

Framkvæmdastjóri svaraði að hann hefði leyfi stjórnar fyrir að ráða einn nýjan starfsmann til viðbótar núverandi starfsmönnum á árinu. 1

Fundarstjóri ber upp reikninga félagsins og fjárhagsáætlun. Greitt er atkvæði með handuppréttingu. Ársreikningur samþykktur einróma. Engar athugasemdir eru gerðar við fjárhagsáætlun.

Dl. 6. Kosningar

Fundarstjóri fer yfir núverandi stjórn, hversu lengi hver meðlimur er kosinn og hverjir fara úr stjórninni nú.

Í stjórninn eru nú:

Aðalstjórn:

Ellert Schram formaður

Erna Indriðadóttir, kosin til 2019

Finnur Birgisson, kosinn til 2020

Guðrún Árnadóttir, kosin til 2019

Reynir Vilhjálmsson, kosinn til 2019

Sigríður Snæbjörnsdóttir kosin til 2019

Þorbjörn Guðmundsson kosinn til 2020

Varastjórn:

Anna Þrúður Þorkelsdóttir

Kári Jónasson

Sjöfn Ingólfssdóttir

Erna Indriðadóttir og Reynir Vilhjálmsson víkja úr stjórninni nú.

Uppstillingarnefnd gerir eftirfarandi tillögu um stjórn:

Ellert Schram formaður er kosinn sérstaklega.

Kosnir skulu nýir í aðalstjórn:

Guðrún Árnadóttir til 2021

Ólafur Ingólfsson til 2021

Róbert Bender til 2021

Sigríður Snæbjörnsdóttir til 2021

Í varastjórn skulu kosnir til eins árs:

Kári Jónasson

Sjöfn Ingólfssdóttir

Margrét Hagalínsdóttir

Tillaga uppstillingarnefndar hefur legið frammi á skrifstofu FEB í fjórar vikur. Ekki hafa borist aðrar tillögur eða framboð. Þess vegna er stjórnin sjálfkjörin.

Fundarstjóri leitar samþykkis fundarins á þessum tillögum uppstillingarnefndar. Fundurinn samþykkir hina nýju stjórn með lófaklappi.

Dl. 7. Kosning skoðunarmanna

Uppstillingarnefnd geritr tillögu um skoðunarmenn reikninga: Kristinn Zimsen og Ólafur Gränz, til vara Brynjólfur Sigurðsson.

Þessi tillaga er samþykkt einróma með handauppréttingu.

Dl. 8. Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn.

Finnur Birgisson kynnir tillögur til lagabreytinga sem eiga að hvetja til umræðu en verða ekki afgreiddar nú. Í staðinn verða þær lagðar fyrir næsta aðalfund. Tillögurnar er að finna í viðhengi nr. 4.

Pétur Maack leggur áherslu á að ákvæði um kynningu frambjóðenda til embætta félagsins verði áfram í lögnum.

Finnur Birgisson gerir grein fyrir tillögu nokkurra félaga í FEB og Gráa hersins sem lögð var fram á fundi stjórnar FEB þann 12. febrúar síðastliðinn. Stjórnin samþykkti að vísa tillögunni til aðalfundar til afgreiðslu og jafnframt að mæla með því að hún verði samþykkt.

Texti tillögunnar er eftirfarandi: Textinn er líka í viðhengi)

Undirritaðir félagar í FEB og Gráa hernum, sem unnið hafa að undirbúningi málsóknar gegn íslenska ríkinu vegna tekjutenginga lífeyris almannatrygginga, áforma að stofna sjóðsem hefði þann eina tilgang að standa undir kostnaði af málarekstrinum.

Vinnuheiti sjóðsins á þessu stigi er Málsóknarsjóður Gráa hersins. Nú þegar liggur fyrir loforð um 1 millj. kr. framlag frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, en í framhaldinu verður leitað að framlögum frá öðrum stéttarfélögum og hafin fjársöfnun meðal einstaklinga.

Ætlun okkar er að sjóðurinn verði sjálfstæður með sérstaka skipulagsskrá og stjórn og uppfylli skilyrði laga nr.19/1988. Við teljum að þannig verði fullkomið gagnsæi og öryggi í starfsemi sjóðsins tryggt, þannig að hann geti notið óskoraðs trausts bæði þeirra sem styðja hann með framlögum og þeirra sem munu eiga hagsmuni undir honum.

Við leggjum það hér með til við stjórn FEB (nú aðalfund FEB) að félagið veiti þessu málefni stuðning í verki með því að gerast stofnaðili að Málsóknarsjóðnum og leggja til hans stofnframlag.

Undirritað 9.febrúar 2019

Finnur Birgisson

Ingibjörg Sverrisdóttir

Wilhelm Wessmann

Nokkur umræða varð um þessa tillögu. Spurt var um hvaða upphæð sé að ræða. Finnur Birgisson sagði að ekki hefði nein sérstök upphæð verið ákveðin en talað hefði verið um 500 þúsund krónur til að byrja með. Gert er ráð fyrir að safna framlögum frá öðrum aðilum. Í fyrsta áfanga megi gera ráð fyrir kostnaði málsóknar upp á 3 – 4 miljónir en áframhaldið verði að ákveða síðar.

Gunnar Björnsson leggur til að samþykkja tillöguna í grunnatriðum en fela stjórninni að ákveða útfærsluna í framtíðinni.

Breytingartillaga var lögð fram um að samþykkja tillöguna með heimild að framlagi allt að 500.000.

Breytingartillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu með handauppréttingu og var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Síðan var heildartillagan borin upp og samþykkt af meirihluta með 2 mótatkvæðum.

Lögð var fram tillaga um skerðingar almannatrygginga. Þorbjörn Guðmundsson gerir grein fyrir tillögunni. Texti hennar hljóðar svo:

Aðalfundur FEB fagnar framkominni kröfu stéttarféлага og sambanda innan ASÍ um að stigið verði ákveðið skref til lækkunar á skerðingu almannatrygginga úr 45% í 30% vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Sú óréttláta skerðing sem viðgengst í dag á sér ekkert fordæmi í þeim löndum sem við berum okkur saman við og stuðlar að fátækt meðal eldri borgara og rýrir traust á lífeyrissjóðum.

Einnig leggur fundurinn áherslu á að tryggður verði jöfnuður milli lífeyrisþega gagnvart almannatryggingum, vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum sem er tilkominn vegna skylduiðgjalds, hvort sem lífeyrinn kemur úr samtryggingu eða séreign.

Fundurinn leggur allt traust sitt á að ASÍ fylgi kröfunni fast eftir í viðræðum við stjórnvöld og ekki verði kvikað frá henni fyrr en ásættanleg niðurstaða fæst.

Grétar Þorsteinsson kveður sér máls og mælir eindregið með tillögunni.

Tillagan er borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum án mótatkvæða.

Dl. 9. Tekin ákvörðun um árgjald 2019

Lögð er fram tillaga um að hækka félagsgjald úr 4.200 kr nú í 4.500 kr frá og með 2019. Tillagan er borin upp og samþykkt af meirihluta fundarmanna án mótatkvæða.

Dl. 10. Önnur mál.

Fráfarandi stjórnarmeðlimum þakkað af formanni og blóm afhent.

Pétur Maack lýsir sig mótfallin því að það fé sem þarf til að jafna bætur úr lífeyrissjóðum komi úr sjóðum sem ekki tengjast því máli beint (t. d. úr framkvæmdasjóði aldraðra). Allir fulltrúar FEB í nefndum gæti þess að þeir peningar sem notaðir verða komi fram á viðeigandi efnahagsreikningum.

Ólafur Gränz bendir á að lífeyrissjóði megi gagnrýna vegna óöruggra fjárfestinga.

Dl. 11. Fundarslit

Fundi slitið kl. 17:35

Þessi fundargerð inniheldur allar samþykktir og önnur veruleg atriði sem fram komu á fundinum.

Þórey S Þórðardóttir fundarstjóri

Reynir Vilhjálmsón fundarritari

Viðhengi:

1. Dagskrá
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018
4. Tillögur og bréf lögð fyrir fundinn